

# 07 stjórnarfundur LH 26. Maí 2011

## Haldinn í íþróttamiðstöðinni Laugardal.

**Mætt eru:** Haraldur Þórarinnsson (HP), Gunnar Sturluson (GS), Erla G Gylfadóttir (EGG), Sigrún Þórðardóttir (SP), Sigurður Ævarsson (SÆ), Þorvarður Helgason (PH)  
Gestir : Oddrún Ýr Sigurðardóttir (OÝS), Haraldur Gunnarsson (HÖG), Hjörný Snorradóttir (HS), Kristinn Guðnason (KG), Sveinbjörn Sveinbjörnsson (SS).

### 1. Landsmótsskýrsla Hjörnýjar Snorradóttur.

HS fjallaði um niðurstöður úr mastersskýrslu sinni og ræddu fundarmenn niðurstöður.

### 2. Skýrsla Landsmótsnefndar

KG og SS kynntu skýrslu nefndarinnar, og ræddu fundarmenn helstu niðurstöður nefndarinnar. Í framhaldi af umræðum skýrslu Hjörnýjar og Landsmótsnefndar ákvað stjórn LH eftirfarandi verkferil varðandi val á LM stöðum fyrir 2014 og 2016.

Í fyrsta lagi: ekki verður auglýst eftir LM stöðum fyrir árið 2014 heldur unnið úr fyrri umsóknum.

Öðru lagi: auglýst verður eftir LM svæði fyrir árið 2016 í júlí/ágúst 2011.

Farin verður fundarherferð um landið þar sem LM nefndin kynnir niðurstöður sínar.

Umræður um skýrsluna mun fara fram á formannafundi LH í haust og í framhaldi mun stjórn LH velja LM staði fyrir árin 2014 og 2016.

### 3. Önnur mál:

#### a) Samstarf Norðulanda um HM og NM

Rætt um að stofna félag um samstarf Norðurlandþjóða varðandi NM og HM íslenska hestsins og önnur sameiginleg verkefni til þess að efla íslandshestamennskuna sem mest.

#### b) Bréf frá Íslandshestafélaginu í Hollandi

Beiðni um að leyfa hollenskum knapa að ríða úrtökumót fyrir HM hér á Íslandi fyrir Holland. Erindið samþykkt og því vísað til Landsliðsnefndar til úrlausnar

#### c) Íslandsmót

OÝS og HÖG útbúa samning við Íslandsmótshaldara varðandi samninga LH við styrktaraðila.

#### d) Íslandsmót áhugamanna

Ákveðið að HP skrifi mótshöldurum Íslandsmóts áhugamanna bréf um að breyta nafni á mótinu. LH hefur einkaleyfi á Íslandsmótsnafninu.

#### e) MAST

Búið að gefa út minnispunkta um sóttþreinsun á reiðfatnaði þegar komið er til landsins. Stjórn LH þakkar Mast samstarfið og mun í framhaldinu vinna á forsendum þessara minnispunkta í samstarfi við FHB og FT.

#### f) Eftirlitsdómari á LM 2011

HP leggur fyrir fundinn að beiðni dómaranefndar að hafa eftirlitsdómara á LM 2011 í gæðingakeppninni. Stjórn LH samþykkir.

**g) Landsþing 2012**

Stjórn LH ákvað að Landsþing 2012 verði haldið í boði hestamannafélagsins Fáks.  
Stjórn LH þakkar hestamannafélaginu Sindra umsóknina.

*Fleira ekki fært til bókar  
Fundarritari: Oddrún Ýr Sigurðardóttir*